

104. Stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands.

104. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 24.september 2019 og hófst kl. 17.00

Mættir: Guðbrandur, Auðunn, Gry og Alex (gegnum tölvu). Þórunn, Inga María og Aron boðuðu forföll. Lára, starfsmaður KRAFT, sat fundinn. Sigurjón Pétursson, varaforseti IPF, var gestur fundarins. Boðið var upp á kaffi og meðlæti.

Gry setti fundinn og bauð Sigurjóni sérstaklega velkominn.

Þetta gerðist:

- Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með einni breytingu.
- Íþróttastjóri sagði frá HM jr, WEC og NM jr.
Auðunn flutti stutta skýrslu um árangurinn á mótum undanfarið og sagði frá undirbúningi undir HM í kraftlyftingum og EM í klassískum kraftlyftingum.
Stjórnin fagnar góðum árangri.
- Gry gaf Sigurjóni orðið. Hann þakkaði fyrir boðið á fundinn og gerði síðan grein fyrir stöðu mála hjá IPF, en sambandið hefur stækkað mjög undanfarin ár og verkefni eru mörg og krefjandi. Hann gerði grein fyrir helstu sóknarfæri og deilumál innan sambandsins og fjallaði um kosningarnar sem framundan eru á ársþingi í nóvember. Hann svaraði spurningum stjórnarmanna og voru umræður góðar.
Gry skýrði frá fundi NPF þar sem samstaða var meðal Norðurlandþjóðanna um að styðja Sigurjón í kjöri til varaforseta en skora um leið á hann að gefa kost á sér í forsetaembættið. Fundur NPF samþykkti líka að leggja fram formleg mótmæli vegna afgreiðslu nýrra tæknireglna á aukabinginu í Helsingborg í júní sl og er það mál í vinnslu
- Fjármál.
Magnús Magnússon hefur tekið að sér að færa bókhald sambandsins og samþykkir stjórnin skoðunaraðgang fyrir hann að bankareikningum KRAFT. Hann lýsir eftir nauðsynlegum fylgiskjölum til að geta hafið starf sem fyrst.
Lára sendir honum gögn sem liggja á skrifstofu. Alex sendir honum fylgiskjöl sem eru í hans vörslu.
- Fagteymisgreiðslur.
Stjórnin samþykkti fyrirkomulagið sem Alex lagði til og hefur verið rætt í tölvupóstum enda var það borið undir starfsmann ASJ sem gerði engar athugasemdir við fyrirkomulagið. Byggt verður á því módeli við greiðslur 2019.
- Lögð voru fram til umræðu og endurskoðunnar eftirfarandi skjöl og samningar
Landsliðssamningur keppenda
Landsliðssamningur þjálfara
Ferðareglur KRAFT
Verklagsreglur við val í landslið KRAFT

104. Stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands.

Breytingar voru samþykktar og taka gildi fyrir næsta keppnistímabil.
Gry birtir og kynnir á kraft.is

- Formannafundur hefur verið boðaður 11.október á Akureyri.
Efni sem stjórn vill ræða:
 - mótaskráin 2020
 - reglur um skráningar á mót
 - úrvalshópur ungmenna
 - dómaramál

Nokkrir dagar eru þar til lokafundarboð fer út og hafa stjórnarmenn tíma til að bæta við umræðuefni.

- WEC 2020
Alex staðfestir að KFA tekur að sér umsjón með mótið. Gry og Guðbrandi var falið að semja um framkvæmdina.
- RIG 2020
Árman hefur samþykkt að taka að sér mótshaldið. Stjórn samþykkti að taka þátt í kostnaði með allt að 1.000 000 kr.
- Kæra á hendur KRAFT – mál 9/2019
Lögð hefur verið fram kæru á hendur KRAFT fyrir Dómstól ÍSÍ. Formaður skilaði greinagerð frá sambandinu í samráði við stjórnarmenn og laganevnd KRAFT þar sem farið var fram á frávísun kæru en sýknu til vara. Greinagerðin hefur verið send Dómstólnum.
- Önnur mál.
Lára skýrði frá því að þrjú félög, KFA, Breiðablik og KFR hafi sent inn skráningar á Íslandsmeistaramótin í október eftir að frestur var runninn út. Stjórn samþykkti að taka skráningarnar til greina í þetta sinn, en herða eftirfylgni við reglur hér eftir og gera það að sérstöku umræðuefni á formannafundinum í október.

Stjórnin óskar varaformanni Þórunni Lilju Vilbergsdóttur og Jóni manningnum hennar til hamingju með nýfæddan son og var Gry og Láru falið að koma hamingjuóskum á framfæri.

Gry þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 18.50
Fundarritari: Gry Ek